

Reykjalundur endurhæfing ehf.

11. fundur stjórnar 10. ágúst 2021 kl. 08.15-09.00 á TEAMS.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjánsson.

Dagskrá.

1. Aðalfundur 2021 breytt fyrirkomulag

Aðalfundurinn verður með breyttu sniði frá því sem ákveðið hafði verið að því leiti að mun færri gestum verður boðið á fundinn vegna sóttvarnatakmarkana. Fundurinn verður haldinn í nýjum húsakynnum SÍBS að Borgartúni 28a. Gestir á fundinum verða stjórn SÍBS, framkvæmdastjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf., formaður Hollvinasamtaka Reykjalundar og fulltrúi Sjúkratrygginga Íslands. Hefðbundin aðalfundarstörf verða á dagskrá fundarins.

2. Staðan á Reykjalundi í ljósi COVID-19

Unnið er að endurnýjaðri viðbragðsáætlun á Reykjalundi vegna Covid faraldursins þar sem ljóst þykir að faraldurinn muni skapa endurteknar smitbylgjur næstu mánuðina. Viðbragðsáætlunin mun taka til næstu mánaða og innihalda strangar hólfaskiptingar og sóttvarnarreglur sem geta tekið breytingum eftir alvarleika faraldursins á hverjum tíma, alvarleikanum verður skipt í þrjú stig, rautt, gult og grænt. Viðbragðsáætlunin mun taka gildi miðvikudaginn 11. ágúst 2021. Heilbrigðisstofnanir þurfa að vera með strangari ráðstafanir en almennt gilda í samfélaginu vegna viðkvæmra hópa einstaklinga sem þær sinna. Viðbragðsáætluninni er ætlað að vernda sjúklinga og starfsfólk Reykjalundar við Covid smitum á Reykjalundi og tryggja að meðferðarstarfið raskist ekki um of þegar og ef smit koma upp á staðnum.

Næsti fundur stjórnar fyrir aðalfund 25. ágúst, verður boðaður sérstaklega.